

# Pési



## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Uppskeruhátíð
- Laus störf

[Næsti Pési kemur út 12 sept 2013](#)

[Athugið!!](#)

[Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 9. sept.](#)

## Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Uppskeruhátíð	6
Ólympíuleikar	10
Zero-dagbók	14
Hrunakrókur	18
Útreiðartúr	19

**Ágúst 2013**

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>  
Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

23. árgangur. 273. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

## Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN Opnunartími til 31. ágúst:



BÓKASAFN

**Mánudaga** Kl. 20-21  
**Þriðjudaga** Kl. 16-18  
**Miðvikudaga** Kl. 16-18



Gegnir

**Frá 1. september verður líka opið á fimmtudögum frá kl. 16-18.**

Eins og lánþegar safnsins hafa vonandi orðið varir við, þá hafa staðið yfir breytingar á umsýslu notandanafna og lykilorða lánþega til innskráningar á vefina [gegnir.is](http://gegnir.is) og [leitir.is](http://leitir.is). Breytingarnar eru gerðar samkvæmt tilmælum frá Persónuvernd og er markmið þeirra að tryggja betur öryggi persónuupplýsinga lánþega inn á „*Mínum síðum*“, en þar geta lánþegar m.a. séð lista yfir útlán sín, útlánasögu, séð síðasta skiladag, framlengt lánum og fleira. Lánþegar eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu og hafa samband ef lykilorð hefur glatast. Lánstími safnefnis er 30 dagar nema annars sé getið.

**Alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúgunu ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



leitir.is


## Sveitarstjórapistill

Þá er kominn ágúst og eins og lög gera ráð fyrir styttist í sumrinu hjá okkur. Annars hefur sumarið verið viðburðaríkt hér eins og oftast áður. Dáltítið öðruvísi veðurfarslega séð að hluta til en við erum bara orðin svo góðu von. Reyndar hefur veðrið alltaf áhrif á ferðahegðun Íslendingans en minna á þá erlendu. Stórar hátíðir hafa verið í sumar. Vel tókst til með Bylgjulestina þó veðrið hafi oft verið betra og 17. júní hátíðin var vel heppnuð. Vil ég þakka 17. júní nefndinni sérstaklega fyrir góð störf því fátt er án fyrirhafnar.

Ferðþjónustan hefur því eflaust verið sveiflukenndari í sumar en oft áður. Við Hrunamenn þurfum að halda vöku okkar fyrir því að þróa áfram frekari þjónustu við ferðamenn í sveitarfélaginu. Vonandi sjá fleiri sér tækifæri í þessum geira eða þeir sem fyrir eru að framkvæma sniðugar hugmyndir. Það eru spennandi verkefni í vinnslu og t.d. stefnir í að gamla laugin við Hverahólmann verði opnuð ferðamönnum og þá ætti stór viðbygging við Hótel Flúðir að geta farið af stað með haustinu. Þá er Bragginn í Birtingaholti að koma sterkur inn og gaman að sjá svona hugmyndir um „veitingaverkstæði“ verða að veruleika.

Verslunarmannahelgin varð að einni stæstu ferðamannahelgi sem verið hefur á Flúðum. Skv. óopinberum tölum þá voru um 3.000 manns á tjaldsvæðinu og mikið af fólki sem gisti á Flúðum og sem var á ferðinni. Nefnt hefur verið að 5.000 manns hafi verið hér á svæðinu sem er þá trúlega önnur fjölmennasta samkoma helgarinnar á landinu öllu. Þetta hefur reyndar þau áhrif eins og við vitum að það verður algert umferðarkaos þegar sem mest gengur á og umhugsunarefni hvort hægt sé að bæta úr. Trúlega er það stundum þannig að ekki er hægt að troða fleiri síldum í tunnu en tunnan rúmar þó maður reyni.

Það var gaman að sjá að það tókst að bjarga því að halda traktorstorfærana á Flúðum og kann ég því fólki sem það tók að sér hinar bestu þakkir fyrir því það væri afar slæmt fyrir orðsporið að glata þessari sérstöðu. Annað ánægjuefni var að skrudgarðurinn á Flúðum var notaður um verslunarmannahelgina þegar leikhópurinn Lotta setti upp Gilitrutt að viðstöddu fjölmenni. Nú er einmitt búið að setja upp stuðlabergslýsinguna í garðinum sem kemur frábærlega út og nú á aðeins eftir að „tengja“. Það hefur verið ofboðsleg vinna að bora, standsetja steina og koma þeim fyrir í garðinum og kann ég köllunum í áhaldahúsinu sérstakar þakkir fyrir mikla vinnu og þrautseigju í vetur og sumar.




Nú eru helstu framkvæmdir sveitarfélagsins í sumar að taka á sig mynd. Malbikun Ásastígs og göngustíga í tengslum við framkvæmdina á síðustu metrunum. Ánægjulegt er einnig að sjá hvað margir íbúar nota tækifærið til að laga innkeyrslur o.fl. Langt er komið með að nánast endursmíða gang að kennsluálmum í Flúðaskóla svo eitthvað sé talið. Þá hefur verið haldið áfram að bæta íbúaðarhúsnæði sveitarfélagsins þannig að vonandi sé sómi að. Hins vegar liggur fyrir að á næstu árum þurfum við að halda þessu áfram. Sérstaklega þarf að einbeita sér að Flúðaskóla og félagsheimilinu en það menningarhús okkar hefur setið dálítið á hakanum. Sérstaklega er nauðsynlegt að gera endurbætur innan húss.

Nú í vikunni verður væntanlega farið í að afhenda íbúum sína blátunnu ásamt upplýsingabæklingi um notkun hennar og aðrar gagnlegar upplýsingar um möguleika á sorpflokkun í sveitarfélaginu. Fyrsta hirðing mun síðan væntanlega fara fram um 19. september og síðan reglulega á um 6 vikna fresti. Grátunna fyrir almennt heimilissorp mun síðan verða hirt eins og verið hefur á um 2 vikna fresti. Jafnframt verður farið í að bæta skipulag og merkingar á gámasvæðinu á Flúðum. Ég mun seint hætta að minna á að flokkun og endurvinnsla sorps er geysilega mikilvægt verkefni sem allir íbúar og gestir verða að taka þátt í. Þetta skiptir alla miklu máli, bæði umhverfis- og kostnaðarlega fyrir samfélagið allt.

Eins og áður hefur komið fram hafa verið samþykktar nýjar samþykktir fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp og nú er það svo að nafninu hreppsnefnd hefur verið lagt eftir góða þjónustu og sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur tekið við. Þó kannski skipti ekki öllu máli hvað hlutirnir heita þá er það mitt mat að þetta sé betra orð í okkar samfélagi og lýsi störfum okkar betur. Næstu verkefni sveitarstjórnar eru síðan að fljótlega verður farið að leggja línur fyrir næsta ár og verður það spennandi verkefni að sjá hvort ekki verði hægt að halda áfram að gera skemmtilega hluti.

Það eru spennandi tímar framundan. Það styttist í göngur og réttir og vonandi verður á réttardaginn hægt að vígja réttirnar formlega en þetta mannvirki er öllum til sóma sem að því hafa staðið. Þá verður Uppskeruhátíðin haldin laugardaginn 7. september og verður gaman að sjá hvernig tekst til. Minni á að sama dag verður Uppsveitarhringurinn haldinn í annað sinn og hvet ég fólk til að taka þátt í honum, finna sér „þraut“ við hæfi og rífa fram hjólin eða hlaupaskóna.



Nokkrar breytingar eru á starfsmannahaldi í haust eins og stundum vill verða. Búið er að ráða Þorbjörgu Helgu Sigurðardóttur frá Skollgróf sem forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar og þá eru nokkrar breytingar á kennarliði Flúðaskóla og starfsfólki leikskólans. Þá hætti hún Ólöf matráður störfum hjá okkur vegna heilsufarsmála og vil ég þakka henni mjög góð störf fyrir sveitarfélagið og óska henni velfarnaðar í framtíðinni. Í hennar stað hefur verið ráðinn Bjarni Birgisson matreiðslumaður sem einmitt hefur sinnt þessu starfi frá áramótum. Vil ég óska öllum nýjum starfsmönnum Hrunamannahrepps velfarnaðar í störfum sínum og vonandi getur sveitarfélagið boðið þeim upp á spennandi starfsvettvang.

Eigum öll góða tíma saman.

Jón G. Valgeirsson

***Skrifstofa Hrunamannahrepps.***

***Opnunartími hreppsskrifstofu.***

***Mánudaga til fimmtudaga:***

***09:00-12:00 og 13:00-16:00***

***Föstudaga: 09:00-12:30***

## Jóga

Jóganámskeið hefst þann 2. september n.k. og verður til 6. nóvember  
Ætla ég að hafa tvo hópa, tímar verða tvisvar í viku á mánudögum og  
miðvikudögum, kl 17:15 og kl 20:00.

Kennslustaður er heima hjá mér í Birtingaholti 4

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8685751

Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir, jógakennari



Einbýlishús til leigu á Flúðum.

U.þ.b. 140 fm einbýlishús til leigu á Flúðum


frá og með 1. október næstkomandi.

Upplýsingar í síma 860 7041.



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir



**Fjallaraf**  
sími 662 0530

**Hjörleifur Ólafsson**

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi  
Hrunamannahreppi  
845 Flúðir

Sími 662 0530  
Fax 486 6432  
fossi@fossi.is

## Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



*Erla Björg Arnardóttir*

*Garðyrkjufræðingur*

*Sími: 858-3399*

*graennaland@simnet.is*

Er ekki kominn tími á eitthvað nýtt og framandi?

Ferðin.is verður með myndasýningu og kynningu á Thailandserðum vetrarins á eftirtöldum stöðum:

Mánudaginn 19. ágúst kl 21:00, Kaffi Mika Reykholti

Þriðjudaginn 20. ágúst kl 20:30, Golfskálanum Efra-Seli

Miðvikudaginn 21. ágúst kl 21:00, Ferðamannafjósínu Efsta-Dal

Áhugasamir sem ekki geta mætt þessi kvöld geta haft samband og fengið kynningu heim í stofu.

Ferðin.is

Margeir Ingólfsson

Sími 893-8808

[mi@ferdin.is](mailto:mi@ferdin.is)



Ljósmyndarinn með þann stóra.



## Uppskeruhátíð 2013

Hin árlega uppskeruhátíð verður haldin í Hrunamannahreppi laugardaginn 7. september.

Dagskráin verður fjölbreytt að vanda, opin hús og uppákomur víða um sveitina hjá ferðapjónustuaðilum, lista- og handverksfólki.

Markaður verður í félagsheimilinu þar sem fjölbreyttur varningur, grænmeti og matvæli beint frá býli verður á boðstólnum.

Sama dag fer fram „

Uppsveitahringurinn“ íþróttaviðburður sem haldinn er í annað sinn.

Takið daginn frá og fylgist með dagskrá á [www.fludir.is](http://www.fludir.is) og [www.sveitir.is](http://www.sveitir.is) einnig á facebook.



# Vara mánaðarins

Body souffle  
**ágúst**

Létt blanda innihaldsefna sem gefur mjög góðan raka. Gengur hratt inn í húðina og verður mjúk eins og silki.

Notist eftir bað og sturtu.



Kristín Magdalena Ágústsdóttir,

Volare söluráðgjafa

Sími: 690-4541

email: [krima@mi.is](mailto:krima@mi.is).

Fullt verð: kr. 3.590.-

Tilboðsverð: kr. 2.870.-

## Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi föstudaginn 23. ágúst 2013

Tímamantanir í síma: 863 0433

Sólveig Jóhannsdóttir



**Skrifstofa Hrunamannahrepps.**

**Opnunartími hreppsskrifstofu.**

**Mánudaga til fimmtudaga:**

**09:00-12:00 og 13:00-16:00**

**Föstudaga: 09:00-12:30**

## Snjómokstur og hálkuvarnir

Tilboð óskast í snjómokstur og hálkuvarnir innan þéttbýlisins á Flúðum á götum, plönnum og göngustígum í umsjón sveitarfélagsins. Óskað er eftir tilboðum í tímagjald fyrir þessa þjónustu með og án hálkuvagnar. Þá er gerð krafa um að tæki henti til moksturs á göngustígum. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri í síma 480 6600 eða

[jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is). Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 12. sept n.k.



## Uppsveitahringurinn 2013

Laugardaginn 7. september, n.k., verður íþróttaviðburðurinn

„Uppsveitahringurinn“ haldinn í annað sinn þar sem hlaupið og hjólað verður um uppsveitir Arnessýslu. Keppnin er í tengslum við Uppskeruhátíðina í Hrunamannahreppi sem fram fer sama dag.

Vegalengdirnar í ár eru 10 km. hlaup, 46 km. hjólreiðar og 10 km. hjólreiðar sem er ný grein í Uppsveitahringnum í ár. Ein drykkjarstöð verður á leiðinni. Í hlaupinu og 10 km. hjólreiðunum verður lagt af stað frá Reykholti og endað á Flúðum, keppendur verða að koma sér sjálfir á milli staða.

Í lengri hjólreiðunum verða þátttakendur ræstir út á Flúðum og munu þeir hjóla hring um uppsveitirnar sem er um 46 km að lengd. Lagt verður af stað frá Flúðum og hjólað í gegnum Skeiða- og Gnúpverjahrepp, þaðan yfir í Bláskógabyggð, í gegnum Laugarás og Reykholt, yfir brúna við Bræðratungu og inn á Flúðir í Hrunamannahreppi þar sem endamarkið verður staðsett. Í þessari vegalengd verða ræstir út tveir hópar, skemmtihjólreiðahópur og keppnishjólreiðahópur.

Tímasetningar

Kl. 10.30 – Skemmtihjólreiðahópurinn leggur af stað frá Flúðum.

Kl. 12.00 – Keppnishjólreiðahópurinn leggur af stað frá Flúðum.

Kl. 12.30 – Hlauparar leggja af stað frá Reykholti.

Kl. 13:30 – Hjólreiðahópurinn (10 km.) leggur af stað frá Reykholti.

Verðlaunaafhending fer fram á Flúðum að lokinni keppni eða um kl. 14.00.

Skráning er á [www.hlaup.is](http://www.hlaup.is) en skráningarfrestur er til fimmtudagsins 5.

september. Þátttökugjald er 2.000 kr., nema í 10 km. hjólreiðarnar þar sem gjaldið er 1.000 kr. Frítt verður í sund fyrir keppendur í sundlaugarnar á Flúðum og í Reykholti. Allir keppendur fá bol sem merktur er hlaupinu.

Allir keppendur fá verðlaunapeninga, en veitt verða sérstök verðlaun fyrir 3 efstu sætin í karla- og kvennaflokki.

Keppendur geta nálgast keppnisnúmer og keppnisgögn milli kl. 16:00-18:00 föstudaginn 6. september í Íþróttamiðstöðinni í Reykholti. Þá er einnig hægt að nálgast keppnisgögnin milli kl. 9:00-11:00 að morgni keppnisdags. Hægt að skrá sig í keppnina á þessum tíma en þá bætast 1.000 kr. við þátttökugjaldið.

Starfsmaður Uppsveitahringisins er Ívar Sæland og er síminn 863-5231 og netfangið [ibbisaeli@gmail.com](mailto:ibbisaeli@gmail.com)

Nánari upplýsingar verða settar inná heimasíður sveitarfélaganna þegar nær dregur keppninni. Slóðirnar eru: [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is), [www.fludir.is](http://www.fludir.is), [www.gogg.is](http://www.gogg.is) og [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is).

Undirbúningsnefndin





Starfsmann vantar í 50 % starfshlutfall í ræstingu við Flúðaskóla.

Vinnutími er eftir samkomulagi, laun samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og Bárunnar.

Upplýsingar veitir Guðrún Pétursdóttir skólastjóri í síma 480 6611, eða tölvupósti gudrunp@fludaskoli.is.

Ráðið er í starfið frá og með 21. ágúst.

### Laust starf!

Laust er til umsóknar starf húsvarðar í Íþróttahúsinu á Flúðum, um er að ræða 80-100% stöðu.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 23. september. Umsóknum skal skila á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfangið: jon@fludir.is fyrir 30.ágúst nk.

Allar nánari upplýsingar hjá sveitarstjóra á skrifstofunni eða í síma:480 6600.



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna  
Vinsamlegast pantið tíma  
í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

# Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

**fontana**

Hölsulind frá landnámi

## Ólympíuleikar í stærðfræði í Kólumbíu sumarið 2013

Ég heiti Jón Aron Lundberg og er búsettur í Akurgerði 3 á Flúðum. Undanfarin ár hef ég stundað nám við Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi. Í vetur tók ég þátt í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og í framhaldi af því öðlaðist ég þátttökurétt í Norrænu stærðfræðikeppninni. Frammistaðan þar nægði til þess að mér var boðið sæti í Ólympíulandsliði Íslands.

Haldnar voru 6 vikna æfingabúðir í Háskóla Íslands fyrir alla sem valdir voru í Ólympíulandsliðið. Undirbúningur stóð yfir frá því snemma í júní og þar til skömmu áður en haldið var utan til keppni þann 20. júlí. Það hafði í för með sér tekjuleysi allan þann tíma auk þeirra 10 daga sem keppnisferðalagið stóð yfir. Því var sérlega mikilvægt að finna fyrir hvatningu og stuðningi og mun ég tiltaka sérstaklega neðst í þessari samantekt hverjir studdu mig fjárhagslega.

Þann 20. júlí lagði ég af stað frá Íslandi til Kólumbíu til að taka þátt í 54.

Alþjóðlegu Ólympíuleikunum í stærðfræði fyrir Íslands hönd ásamt 5 öðrum.

Voru 4 þeirra nemendur MR, 3 strákar og 1 stelpa auk þess sem 1 keppandi kom frá MH. Við millilentum á JFK-flugvelli í New York og vorum hálfan dag í borginni og skoðuðum okkur um. Snemma næsta morgun flugum við til Bogota, höfuðborgar Kólumbíu, og svo til Santa Marta, strandbæjar við Karíbahafið, þar sem keppnin fór fram. Kólumbía er í hitabeltinu nálægt miðbaug, svo í hádeginu er sólin hátt á lofti. Fyrsta daginn var opnunarathöfn þar sem meðal atriða voru ýmiss konar hefðbundnir kólumbískir dansar og lög. Keppnisdagarnir voru tveir, með þremur dæmum

hvorn dag og fengu keppendur fjóran og hálfan tíma til að leysa þau. Næstu daga á eftir var farið yfir lausninar og gafst þá tími til að njóta sólarinnar og vera á ströndinni. Seinasta daginn var lokaathöfn með

verðlaunaafhendingu. Þátttökuþjóðirnar voru 97 og keppendur alls 527, þar af voru 52 stelpur. Í efstu sætunum



woru keppendur frá Kína, Suður Kóreu, Norður Kóreu og Singapúr. Íslenska liðinu gekk vel og 2 fengu sérstaka viðurkenningu en þeir voru báðir að keppa í þriðja sinn á Ólympíuleikum. Daginn eftir var haldið heim og var aftur millilent í New York þar sem stoppað var í tæpan sólarhring. .

Að lokum lentum við á Keflavíkurflugvelli að morgni 30. júlí. Þetta var eftirminnileg og lærdómsrík ferð sem gott er að varðveita í reynslubankanum. Það er mér mikils virði að finna fyrir gríðarlegri velvild og stuðningi sveitunga, ættingja og vina. Eftirtaldir aðilar styrktu mig fjárhagslega og kann ég öllum bestu þakkir fyrir stuðninginn: Hrunamannahreppur, Kvenfélag Hrunamannahrepps, Ungmennafélag Hrunamanna, Gistiheimilið Grund, Ásbakki ehf (Hlíf og Unnar), Veitingastaðurinn Minilik, Jóhannes Sigmundsson, Kristjana Sigmundsdóttir (Kidda í Dalbæ), Mývatn ehf (Ásdís Erla Jóhannesdóttir og Yngvi Ragnar Kristjánsson). Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að vera fyrsti einstaklingurinn til að fá styrk úr Bjarkasjóði sem stofnaður var til minningar um Matthías Bjarka Guðmundsson frá Steinahlíð. Hann var öflugur náms- og íþróttamaður og góð fyrirmynd.



Frá afhendingu styrkja til Jóns Arons.  
Ljós: SigSigm

## Bændamarkaðurinn Efra-Seli.



Við þökkum kærlega fyrir góðar viðtökur í sumar, þær hafa verið framar vonum. Markaðurinn verður opinn á næstunni sem hér segir:

**Föstudaga til sunnudaga frá kl. 13.00 – 18.00.**

Kaffi-Sel, golfskálanum er opið alla daga frá kl. 8.00 til 20.30 til sunnudagsins 15. sept.

Síminn er 486-6454 / [www.kaffisel.is](http://www.kaffisel.is) / Facebook – Kaffi-Sel



Vöruflutningar  
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3  
Sími: 533 2211



**VÖNDULL ehf**  
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í**  
**ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00.  
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.  
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

**Sundlaugin á Flúðum.**

**Opnunartími**



Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00  
Laugardaga: 12:00-18:00  
Sunnudaga: 12:00-18:00

**Tækjasalur í Íþróttahúsi.**

Opnunartími fram að skipulögðu íþróttastarfi:  
**Þriðjudaga og fimmtudaga frá kl: 17:00-20:00.**

**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM**

**SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866**

**OPIÐ VIRKA DAGA 9-18**

**LAUGARDAGA 11-14**

**Samkaup** strax

Opnunartími Versl. Strax.

Sumaropnunartími

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-22:00
<b>Sunnudaga</b>	10:00-22:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.



**LAGNA**  
**POSTULINN**

Viðar Magnússon Pípulagningameistari  
Kringlumýri 1 800 Selfoss  
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar

í Laugarási **480 5300**

**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Ísland maí 2013

Víkuna 30.maí til 6.júní tók Félagsmiðstöðin Zero á Flúðum þátt í ungmennaskiptaverkefni á vegum Evrópu unga fólksins. Þetta var tveggja landa verkefni á milli Íslands og Englands en við fórum til Englands síðastliðið haust og tókum þar þátt í verkefninu „ Make career – Be a volunteer“ . Verkefnið að þessu sinni bar heitið „ Happy Planet, Happy People ! „ þar sem við skoðuðum hvernig aukinn umhverfisvitund ásamt heilbrigðum lífstíl getur aukið lífsgæði okkar. Unnið var í vinnusmiðjum auk annara verkefna sem öll miðuðu að því að auka víðsýni þátttakenda og skoða nærumhverfi sitt frá nýju sjónarhorni. Auk þess að fá styrk frá Evrópu unga fólksins nutum velvildar nærsamfélags okkar en foreldrar hjálpuðu til við eldamennsku ásamt því að lána dýnur og sængur, MS gaf okkur skyr og kókómjólk, Víkingaheimar í Keflavík tóku mjög vel á móti okkur og Landvirkjun styrkti okkur til bolakaupa og buðu upp á kaffi í Búrfellstöð. Verkefnið fór fram á Flúðum, tóku 13 íslensk og 10 bresk ungmenni á aldrinum 14 – 18 ára þátt í verkefninu. Hér á eftir má lesa dagbókarfærslur sem íslensku ungmennin skráðu.

### **Dagbók 1. Fimmtudagur**

Í dag vöknudum við klukkan 7 um morguninn og sóttum Bretana á flugvöllinn. Við vorum öll rosa þreytt og nenntum varla að vakna. Þegar Bretarnir voru komnir í rútuna fórum við fyrst á víkingasafnið, Víkingaheimar í Keflavík. Þar sáum við stórt víkingaskip, geitur og kort sem var hægt að gera gogga úr! Ég var mjög feimin við Bretana og forðaðist þá fyrst, en seinna vandist ég þeim. Svo fórum við á veitingastaðinn Langbest í öðru veldi og fengum pizzur. Næst fórum við í Bláa Lónið og fengum fyrst kynningu um staðinn. Leiðsögukonan sagði okkur frá hvernig Bláa Lónið varð til, hvernig kísillinn getur hjálpað húðinni. Hún gaf okkur græna saxaða þörunga sem við fengum að smakka. Við fengum líka Appelsín/Pepsi/Kristal, brauð með laxi og stein úr Lóninu. Eftir túrinn fórum við svo ofan í vatnið og mökuðum hvíttri leðju á húðina okkar. Þegar við komum heim fengum við lasagna í matinn og köku í eftirmat.

### **Dagbók 2. Föstudagur**

Ég vaknaði um 8, fékk mér morgunmat og fór í sturtu. Gulla, Hugrún, Anna og Áslaug voru með Morning Moment. Þær létu okkur dansa Hoedown Throwdown! Mjög gaman! Eftir það var Vinnusmiðjanum Hopes&Fears og Code of Conduct. Svo fengum við hádegismat í Flúðaskóla. Við fórum í göngutúr um Flúðir. Fyrst fórum við í Kvenfélagsskóg og eftir það fórum við upp að Hvammi að sjá hverina. Við fengum ekki besta veðrið þennan dag en það var grenjandi rigning og rok. Það sem mér fannst skemmtilegast við göngutúrinn var tækifæri til að kynntist Bretunum betur. Um kvöldið sáu svo Bretarnir um nafnaleiki.

### **Dagbók 3. Laugardagur**

Ég vaknaði snemma og sá um morgunmatinn með fullt af fólki. Svo voru Bretarnir með Morning Moment og við fórum í Jóga! Eftir það var Vinnusmiðjan sem við vorum með og fjallaði um hvernig við stöndum við vörð um náttúruna okkar svo við getum bæði notað og notið hennar á fjölbreyttan hátt til að auka lífsgæði okkar. Síðan fór ég að búa til nesti fyrir ferðalagið sem við vorum að fara í, inn í Búrfell. Þegar við komum þangað skoðuðum við sýninguna og fengum okkur djús og súkkulaði, mjög gott súkkulaði. Eftir skoðunarferðina fengum við kökur og kex í Eiríksbúð, mötuneyti Búrfells. Þrátt fyrir smá rigningu fórum við upp að Stöng og þaðan gengum við að Gjánni. Englendingunum fannst mjög gaman að sjá fossinn og þetta var mjög fallegt. Eftir það fórum við að Hjálparfossi og skoðuðum hann í svona 2 mínútur. Við áttum eitt stopp eftir enda tæplega hægt að fara inn í Þjórsárdal án þess að fara inn í Þjórsárdalsskóg. Þar skelltum við okkur í hinn alíslenska leik útilegumann og enska leikinn veiðihundur og hérar.

### **Dagur 4 sunnudagur**

Ég vaknaði mjög snemma vegna þess að ég var að græja morgunmatinn með Ylfu, Ágústi og Jón Gunnari. Svo fór ég í sturtu. Síðan gekk ég frá matnum og svo var ég með morning moment með Ylfu, Rúnari, Ágústi og Arnþóri. Og við fórum í mjög skemmtilegan leik. Eftir það gerðum við nesti og fórum svo í rútna. Keyrðum að Seljalandsfoss og fórum undir hann, og ég held að Bretunum fannst það roosa gaman. Þegar við komum inn í Langadal, Þórsmörk borðuðum nestið okkar svo að við yrðum ekki svöng á leiðinni upp á Valahnjúk. Það var rosa gott veður og við vorum rosa ánægð því að það var búið að vera rigning og rok í marga daga. Þegar við vorum komin upp vildum við helst ekki fara aftur niður því að það var svo fallegt útsýni. Á leið okkar til baka stoppuðum við aðeins Húsadalur enda sá staður tilvalinn til áningar svo þar fengum við okkur smá hressingu að því loknu gengum við aftur yfir í Langadal þar sem rútan beið eftir okkur. Áður en við lögðum af stað í gönguna var okkur skipt í nokkara hópa og áttum við að taka myndir, nokkurs konar myndadagbók fyrir daginn og skrá það sem okkur þótti erfiðast, fallegast, undarlegast og nytsamlegast. Á leiðinni heim stoppuðum við á Hvolfsvelli og fórum þar í sund. Við vorum í svona klst í sundi og fórum svo á Hellu og fengum okkur hamburgara. Allir voru svo svangir að við borðuðum rosa hratt.

### **Dagur 5**

Englendingarnir voru með vinnusmiðju sem snérist græna orkuframleiðslu í Bretlandi og endurvinnslu. Við áttum að finna eitthvað sem er rusl og búa til eitthvað nýtilegt úr því. Við bjuggum t.d. til dósa síma, dulargervi ( skegg ) og derhúfu úr plast poka. Síðan fórum við á skólaslitin. Á meðan fóru Bretarnir á Gullfoss og Geysir. Eftir kvöldmat var veðrið svoóó leiðinlegt að við hættum við að fara út í Kvennfélagsskóg og kveikja varðeld en í staðinn höfðum við það huggulegt inni með Bretunum.

## Dagur 6

Við vöknudum fórum í morning moment og fórum síðan til Reykjavíkur, fyrst var farið í Perluna og þar var skoðað smá og síðan var okkur skipt í nokkra hópa, ég var með Gullu, Jón Gunnari, Herold, Danielle. Við áttum að fara í ratleik um Reykjavík, það var rosa gaman. Við fengum tvo strætómíða sem við áttum að nota. Við áttum að taka myndir af 18 hlutum og fyrirbærum. Síðan fórum við í Kringluna og þar vorum við með mikinn frítíma og við máttum versla í svona 2 tíma. Svo fengum við okkur að borða í Kringlunni. Þar var tilkynnt sigurvegarar og það voru Anna Marý, Sesselja, Hugrún Embla og Eddie, við unnum ekki ☹. Síðan var farið heim og þá var Sunnulækjaskóli í lokaferð og voru að gista í félagsheimilinu og þar var kvöldvaka sem okkur var boðið að taka þátt í og það var rosa gaman. Síðan var bara farið að sofa.

## Dagur 7

Við fórum í morning moment og fórum síðan að vinna í Youth pass. Eftir mat vorum við úti og gerðum miða þar sem hver skrifaði eitthvað fallett um alla. Síðan fórum við heim til mín og ég kynnti fyrir öllum garðyrkjustöð foreldra minna eftir það var bara að chilla og vinna að dagbókunum og Youth pass. Um kvöldið eldaði einn fararstjórinn frá Bretlandi kvöldmat, hann eldaði indverskan kjúklingarétt og grænmetisrétt. Síðan vöktum við nóttina þar til Englendingarnir fóru heim til Englands.





Kæru sveitungar

Bragginn kaffihús og leirvinnustofa verður opin út ágúst með breyttan opnunartíma. Við höldum áfram með Irish Coffee kvöld á fimmtudögum og erum með hestaslá og girðingu á staðnum. Á laugardögum og sunnudögum erum við með bröns frá 10:00-14:00. Fylgist með á Facebook síðu okkar, [www.facebook.com/bragginn](http://www.facebook.com/bragginn), til að fá frekari fréttir af opnunartíma.



Opnunartími Braggans frá og með mánudegi 19. ágúst:

Mánudaga – miðvikudaga 12:00 – 18:00.

Fimmtudaga 12:00 – 22:00. Föstudaga 12:00 – 18:00. Laugardaga og sunnudaga er opið frá 10:00 – 18:00

Helgina 7-8 september verður opið frá 10:00 – 18:00 og boðið upp á matseðil í anda uppskeruhátíðar.

Að sjálfsögðu tökum við áfram á móti hópum jafnt utan sem innan venjulegs opnunartíma ef haft er samband við okkur með fyrirvara. Hægt er að hafa samaband við okkur í síma (847-8384, Ásthildur) eða í gegnum Facebook.



**Landflutningar**  
SAMSKIP

**Flúðaleið ehf**

**EIMSKIP**

**Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

# Hrunakrókur.

Laugardaginn 17. ágúst kl. 15.00 verður formleg opnun á Veiðiminjasafninu á Hrunakrók.

Stóru-Laxárdeildin og Lax-á ehf. hafa staðið sameiginlega að uppgerð gamla veiðihússins á Hrunakrók og að söfnun gamalla muna frá þeim tíma sem Guðmundur í Miðdal og félagar hans í Veiðifélaginu Flugan voru þar að veiðum. Veiðifélagið Flugan var atkvæðamikilið við Stóru Laxá um árabíl og stóð fyrir því að koma upp veiðihúsinu í Hrunakrók.

Stórir jeppar verða til taks við Stóru-Laxá til að ferja fólk yfir ána inn á Hrunakrók og ættu því allir sem vilja að komast alla leið að húsinu. Ekki er ráðlagt fyrir jepplinga eða litla jeppa að fara yfir ána þar sem hún er frekar stórgrýtt en að ánni geta allir bílar komist en beygt er rétt ofan við Laxárdal og veiðiveginum fylgt til enda.

Við vonumst til að sjá ykkur sem flest.

Bestu kveðjur frá stjórn Stóru-Laxárdeildar og Lax-á ehf.

Ef einhver vill nánari upplýsingar má hafa samband við Esther 865-8761 eða Guðmund 896-6255.



Í tengslum við Uppskeruhátíðina þann 7. sept nk. verður haldinn markaður í Félagsheimili Hrunamanna. Eins og síðastliðin ár gefst íbúum kostur á að selja þar framleiðslu sína eins og matvæli og handverk úr heimabyggð. Þeir sem



vilja panta borð er bent á að hafa samband við Bjarneyju, S: 895-8978 eða Hörpu, S: 864-4482 eða email:bjaben@simnet.is.

Vægt borðgjald verður innheimt eða 1000 kr á borð.

## Jóga hjá Láru í Bragganum

Ég ætla að hafa jóganámskeið í Bragganum í vetur. Námskeiðin eru tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum og verða samtals 10 tímar. Þau hefjast þriðjudaginn 3. september og lýkur fimmtudaginn 3. október.

Hægt er að velja milli tveggja tímasetninga, annars vegar klukkan 17:15 og hins vegar 20:00, en það síðara er byrjendanámskeið.

Námskeiðið kostar 10.000 kr.

Nánari upplýsingar í síma: 775-1662



# Hrunaréttir 13. september 2013!





Gylfi Rúnar afhendir Gerðu Hermansdóttur  
fyrstu blátunnuna

### Útreiðartúr Kvenfélags Hrunmannahrepps verður farinn þriðjudaginn 20. ágúst 2013.

Við ætlum að hittast við Markarmýrarklett við Langholtsveg kl. 17:00 og ríða í gegnum Miðfellshverfið. Þaðan verður ríðið um hlaðið í Núpstúni og farið bak við Hólahnúkana í landi Hrepphóla. Við ljúkum útreiðartúrnum með því að ríða að Bragganum í Birtingarholti, þar getum við keypt okkur súpu, brauð, eftirrétt og kaffi kostnaður er 2500 kr. Pr. mann.

Þær konur sem ætla að koma í matinn vinsamlegast skrái sig hjá Valdísi í síma 8226617 eða 4866717

Eða hjá Önnu Maríu sími 8470678 eða 4866611

Fyrir sunnudaginn 18. ágúst.

Athugið að allar konur eru velkomnar ríðandi, akandi, hjólandi, gangandi, skríðandi.....)

Hlökkum til að sjá ykkur allar.  
Bestu kveðjur útreiðartúrsefnd  
Kvenfélags Hrunamannahrepps  
Valdís og Anna María.



Byggt fyrir Flúðasveppi. Ljós:SigSigm



Paprikum pakkað hjá Jörfa. Ljós:SigSigm



Vitjað um net í Hvítá. Ljós:SigSigm

